

Alþingi
b.t. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Umsögn með þingsályktunartillögu um kynjavakt

Reykjavík, 3. maí 2021

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sendi Félagi kvenna í atvinnulífinu (**FKA**) til umsagnar þingsályktunartillögu þar sem ályktað er að fela forseta að koma á fót kynjavakt Alþingis, sem geri úttekt á því hvort og hvernig kyn hefur áhrif á aðkomu að ákvarðanatöku innan Alþingis, hvernig ályktunum Alþingis og aðgerðaáætlunum ríkisstjórna í jafnréttismálum hefur verið framfylgt og skoði næmi Alþingis fyrir ólíkri stöðu kynjanna samkvæmt kynnæmum vísum Alþjóðáþingmannasambandsins (IPU).

Stjórn FKA styður framkomna þingsályktunartillögu sem felur í sér tillögur sem miða að fullu jafnrétti kynjanna innan Alþingis.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar FKA



Hulda Ragnheiður Árnadóttir, formaður stjórnar